



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogi, 13. mars 23
2107265/511.01 ÁAK

Minnisblað

Til bæjarritara
Frá bæjarlögmanni

Efni: Ferli umsóknar Teits Jónassonar um lóð við Tónahvarf.

Tilefni: Bæjarráð vísar erindinu til umsagnar sviðsstjóra stjórnsýslusviðs, hvað varðar feril málsins innan stjórnkerfis bæjarins.

Teitur Jónasson ehf. (Teitur) óskuðu með bréfi dags. 2. júlí 2021 eftir því að sækja um lóðina Tónahvarf 4 og mögulega Tónahvarf 2 líka. Óskað var eftir viðræðum.

Ekki var gengið eftir málinu og því var ekki fundað með framkvæmdastjóra Teits fyrr en í janúar 2022. Fyrsta fund sat undirrituð ásamt Harald Þór Teitssyni og þáverandi bæjarstjóra. Á fundinum kom fram að lóðin að Tónahvarfi 4 væri of lítil undir starfsemi fyrirtækisins og var óskað eftir Tónahvarfi 2 til viðbótar.

Bæjarstjóri fól undirritaðri að bera erindið undir skipulagsfulltrúa. Undirrituð hefur ásamt skipulagsfulltrúi átt amk tvo fundi með forsvarsmönnum Teits þar sem þeir hafa mátað starfsemi sína við lóðina eða lóðirnar, skoðað aðgengi og rætt um landhalla.

Síðast var fundað með Teit 9. febrúar sl. Þann fund sat ásamt undirritaðri sviðsstjóri Umhverfissviðs og skipulagsfulltrúi. Þar kom fram, sem hafði komið fram áður, að fyrirtækið sér ekki fram á að geta komið allri sinni starfsemi fyrir í Tónahvarfi 4. Lóðin Tónahvarf 2 er í nokkrum halla og hentar því ekki vel nema að hluta. Breyta yrði lóðarmörkum ef vel ætti að fara. Þeim fundi lauk með því að fyrirtækinu var tilkynnt að ef áhugi væri til staðar yrði það að sækja aftur formlega um lóðirnar til bæjarráðs og ráðlagt að geta þess í umsókn hver framtíðarsýn væri á Dalveginum, þar sem skipulag er breytt.

Umsókn um úthlutun lóðanna barst með bréfi dags. 10. febrúar sl. Þar er tiltekið að fyrirtækið vilji byggja í Tónahvarfi 4 og hluta 2, skrifstofuhúsnæði ásamt þvotta- og viðgerðaraðstöðu auk þess að nýta lóðina sem bílastæði fyrir skólabíla og ferðapjónustu fatlaðra. Þá segja þeir að framtíðarhugmynd sé að byggja aðstöðu í jaðrinum fyrir verkstæði og ferðamannarútur þannig að á endanum geti þeir breytt starfseminni á Dalvegi.

Virðingarfyllst,


Ása A. Kristjánsdóttir
bæjarlögmaður



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026